

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 8. október 2014 í máli nr. E-353/2014:**

**René Cortin**

*(Friðleifur Egill Guðmundsson hdl.)*

**gegn**

**Philippe Baltz Nielsen og**

**CBP ehf.**

*(sjálfur ólöglærður)*

Mál þetta, sem var dómtekið 10. september sl., var þingfest 6. febrúar sl.

Stefnandi er René Cortin, Stratenmakerhof 29, 1825 CX Alkmaar, Hollandi.

Stefndu eru Philippe Baltz Nielsen, með óþekkt heimilisfang og CBP ehf., Geirsgötu 9, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði gert að greiða honum óskipt 17.072,50 evrur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. júní 2013 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Af hálfu stefndu var sótt þing við þingfestingu málsins 6. febrúar sl. og lögð fram sameiginleg greinargerð í þinghaldi 6. mars sl. Í þinghaldi 29. apríl sl. féll niður þingsókn af hálfu stefndu. Stefnandi lagði fram sókn í málinu í þinghaldi 15. maí sl. Í þinghaldi 10. september sl. lagði stefnandi fram þýðingar á dómskjöllum og féll frá viðurkenningarkröfu og var málið dómtekið sama dag. Verður mál þetta því dæmt eftir framkomnum kröfum og gögnum með tilliti til þess, sem hefur komið fram af hálfu stefnda, sbr. ákvæði 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu launa fyrir vinnu í þágu stefndu. Stefnandi er franskur ríkisborgari, en býr og starfar í Hollandi. Hann starfar sem sjálfstætt starfandi vefhönnuður (e. digital marketing consultant) og rekur einstaklingsfyrirtækið René Cortin Digital Marketing Consulting.

Í byrjun árs 2013 hafði stefndi, Philippe, samband við stefnanda og óskaði eftir því að þeir færu í samstarf vegna verkefnis sem stefndi, Philippe, kvaðst vera með í bígerð. Verkefnið fólst í því að setja á laggirnar heimasíðu fyrir tísku- og lífstílmáttar á veraldarvefnum. Vinnuheitið fyrir tímaritið var „CBP International Magazine“ eða „CBPmag“ Samskipti stefnanda og stefndu fóru að miklu leyti fram á veraldarvefnum, ýmist í formi tölvupóstsamskipta, með notkun á samskiptaforritinu Skype ásamt því sem stofnaður var vinnuhópur á Fésbók (e. Facebook) þar sem þeir aðilar sem komu að verkefninu gátu rætt mál sín á milli óháð hvar í heiminum þeir væru niðurkomnir.

Eftir viðræður um verkefnið sendi stefndi, Philippe, stefnanda tölvupóst með formlegu tilboði í verkið, „Proposal Plan A (focusing on the CBP magazine as first)“. Samkvæmt því hafði stefndi, Phillipe, sett saman hóp af fólki til að vinna verkefnið í sameiningu. Hópurinn samanstóð af stefnanda, stefnda, Philippe, og vefhönnuði sem stefnandi hafði átt að útvega. Þá áttu aðrir eigendur og samstarfsaðilar stefndu að koma að verkefninu þó ekki hafi sérstaklega verið kveðið á um hverjir það væru eða hvert hlutverk þeirra væri.

Samkvæmt framangreindu tilboði skyldi hlutverk stefnanda í verkefninu vera eftirfarandi:

1. Skilgreina grunnhugmynd að sniðmáti sem myndi passa CBP International tímaritinu.
2. Setja efni inn í sniðmátið, ásamt hugbúnaði fyrir snjallsíma og rafræna verslun.
3. Nýta auglýsingastaði hjá CBP International tímaritinu.
4. Skilgreina fasta skilmála og fyrirvara frá viðskiptavinum þegar auglýst er hjá CBP International tímaritinu.
5. Greiðsluform hjá CBP International tímaritinu.
6. Ákveða verð auglýsinga hjá CBP International tímaritinu.
7. Ákveða hvaða efni verður í CBP International tímaritinu.

Fyrir þessa verkþætti og þátttöku hans í verkefninu átti stefnandi að fá greitt eftirfarandi:

1. Sæti í stjórn í óstofnuðu félagi sem ráðgjafi (e. *member of our Board of Committee as a Consultant Advice Counselor*).
2. 30% hlut í CBP Online Magazine, og sæti í stjórn félagsins CBP Mag.

3. Þá fengi stefndandi og hönnuður á hans vegum greitt fyrir tíma sína hjá vef tímaritinu, en þeir kæmu ekki til greiðslu fyrr en fyrstu tekjur hafi skilað sér.

Ágreiningur er milli aðila um greiðslur fyrir framangreind verkefni.

## II

Stefnandi kveðst þegar hafa hafist handa við að hanna og forrita heimasíðuna. Til þess að geta skilað verkefninu af sér á fullnægjandi hátt hafi hann þurft að ráða vefhönnuð til að vinna verkefnið með sér. Hönnuðurinn hafi ekki haft áhuga á að fá hlutdeild í óstofnuðu félagi og greiðslur fyrir vinnuna þegar fyrstu tekjur myndu skila sér til félagsins líkt og stefndi, Philippe, hefði boðið stefnanda, heldur hafi hann einungis viljað fá staðgreitt fyrir sína vinnu. Þar sem stefndi, Philippe, hafi sagst ekki eiga fjármuni til að greiða vefhönnuðinum hafi stefnandi ákveðið að greiða honum úr eigin vasa. Stefnandi og hönnuðurinn hafi lokið vinnu sinni í fullu samstarfi við stefnda, Philippe, og aðra þá sem komið hafi að verkefninu. Stefnandi hafi í kjölfarið greitt vefhönnuðinum. Að því loknu hafi þeir sem komið hafi að verkefninu á vegum stefnda, Philippe, fengið aðgang að sniðmátinu eða heimasíðunni í þeim tilgangi að prufukeyra hana og koma með athugasemdir og tillögur ef breyta þyrfti einhverju.

Eins og sjá megi af gögnum málsins hafi allir þeir sem hlut hafi átt að máli verið mjög ánægðir með vinnu stefnanda og vefhönnuðarins, sérstaklega stefndi, Philippe, en hann hafi hrósað stefnanda mikið fyrir vinnu sína. Ánægju hans megi bersýnilega sjá í tölvupóstsamskiptum þeirra.

Þegar stefnandi og vefhönnuðurinn hafi lokið vinnu sinni hafi hins vegar allt í einu komið annað hljóð í stefnda, Philippe. Hann hafi farið að gagnrýna vinnu stefnanda og sagt að 30% af verkefninu væri lokið en 70% ólokið, án þess að rökstyðja þessi hlutföll á nokkurn hátt. Stefnandi hafi óskað eftir nánari skýringum á hvað stefndi, Philippe, ætti við með þessu og ítrekað beðið hann um að benda sér á hvað væri óklárað svo hann gæti lagfært það sem upp á vantaði. Hann hafi hins vegar aldrei fengið nein svör frá stefnda, Philippe.

Stefnandi hafi mikla reynslu af verkefnum sem þessu og sé ekki í neinum vafa um að hann hafi lokið verkefninu sem um ræðir á fullnægjandi hátt, enda hafi stefndi, Philippe, aldrei bent honum á neinn þátt verkefnisins sem væri ólokið.

Í apríl 2013 hafi stefnandi óskað eftir skriflegum samningi frá stefnda, Philippe, um greiðslu fyrir vinnu sína, eins og samið hefði verið um. Þann 20. apríl 2013 hafi stefndi, Philippe, sent stefnanda starfssamning. Hann hafi innihaldið ákvæði sem aldrei áður hafi komið til tals milli stefnanda og stefnda, Philippe. Með samningnum hafi stefnandi verið boðinn 15% hlutur í óstofnaða félaginu cbpmag.com í stað 30% hlutar eins og áður hafi verið samið um. Þá hafi ekkert verið kveðið á um greiðslur til stefnanda og vefhönnuðarins fyrir vinnuna eins og samið hafi verið í upphafi.

Stefnandi hafi ekki skrifað undir þennan samningi, en hann telji að hefði hann skrifað undir hefði hann setið uppi gjörsamlega réttindalaus þar sem ákvæði í samningnum hafi kveðið á um einhliða rétt stefndu til að svipta stefnanda öllum hlutum sínum án nokkurs konar endurgreiðslu, sbr. ákvæði (vii) í starfssamningnum. Stefnandi hafi átti von á því að fá samning á borð við hluthafasamkomulag eða rammisamning vegna fyrirhugaðrar stofnunar á félaginu cbpmag.com, en ekki starfssamning við CBP ehf. eins og raunin hafi orðið.

Í kjölfarið hafi stefnandi og stefndi, Philippe, átt í viðræðum um einstök ákvæði í samningnum. Stefnandi hafi viljað fá útlistun á því hvaða þýðingu sum ákvæði í samningunum hefðu og útskýringu á því af hverju hann ætti einungis að fá 15% hlut en ekki 30% í hinu óstofnaða félagi cbpmag.com eins og um hafi verið samið. Viðræður þeirra á milli hafi ekki leitt til neins og samskipti þeirra endað þannig að stefndi, Philippe, hafi hætt að svara stefnanda.

Þegar þar hafi verið komið sögu, í lok apríl 2013, hafði stefnandi samband við Nordik lögfræðiþjónustu slf. til að þess að reyna að ná sáttum við stefndu. Nordik hafði ítrekað haft samband við stefndu til að bjóða þeim á fund til ræða málin en þær boðanir hafi ekki borið árangur. Í samskiptum Nordik við stefndu hafi stefndi, Philippe, vísað á íslenskan samstarfsaðila sinn, endurskoðandann Birgi Karl Óskarsson hjá fyrirtækinu Akkúrat ehf., og beðið um að hann yrði hafður með í samskiptunum.

Þegar ljóst hafi verið að stefndu hafi ekki haft áhuga á að semja um málið hafi stefnandi sent stefnda, Philippe, og stefnda, CBP ehf., nánar tiltekið Halldóri Ægi Tryggvasyni, einum af prókúruhöfum félagsins, reikning fyrir vinnunni sem stefnandi hafi innt af hendi, auk útlags kostnaðar. Gjaldalagi reikningsins hafi verið 27. maí 2013. Upphæð hans hafi annars vegar verið 16.060,5 evrur vegna beins vinnuframlags stefnanda. Samkvæmt gjaldskrá taki hann 110 evrur á tímann og hann hafi í heildina unnið í 146 tíma. Þá hafi stefnandi lagt út fyrir vinnu hönnuðar 1.012 evrur. Nánari sundurliðun á reikningi stefnanda hafi verið send til stefndu samkvæmt beiðni.

Þann 2. júlí 2013 hafi verið send innheimtuviaðvörðun á íslensku og ensku með tölvupósti til Birgis og stefnda, Philippe. Ekkert hafi heyrst frá stefndu eftir það.

Eins fram komi í tölvupósti Birgis Karls þá hafni hann formlega öllum kröfum stefnanda á hendur hinu stefnda félagi. Stefnandi telji það einkennilegt í ljósi þess starfssamnings sem fyrirsvarsmenn félagsins hafi sent honum þann 20. apríl 2013, undirritaðan af stjórnarformanni félagsins, stefnda, Philippe, og einum af prókúruhöfum félagsins, Halldóri Ægi Tryggvasyni.

Nýverið hafi komið í ljós að einn af samstarfsmönnum stefnda, Philippe, Nadine Scheel, sem hafi tekið þátt í verkefninu með stefnanda og stefnda, Philippe, hafi ekki fengið það sem henni hafi verið lofað af stefnda, Philippe. Hún hafi að eigin frumkvæði sent stefnanda skriflegan vitnisburð þar sem hún staðfesti að stefnandi hafi unnið þá vinnu sem ætlast hafi verið til af honum. Þetta renni enn frekari stoðum undir frásögn stefnanda.

Samkvæmt reglum samningaréttar séu loforð þess eðlis að þau öðlast ekki skuldbindingargildi fyrir loforðsgjafa fyrir en gagnaðili hafi samþykkt þau. Loforð séu oft nefnd tilboð. Eftir að loforð hafi verið samþykkt, sé kominn á samningur milli viðkomandi aðila. Samþykki tilboðs sé yfirlýsing samþykkjanda um að hann taki við þeim rétti eða hagsbótum, sem honum sé boðið í tilboðinu. Samþykki sé hvort tveggja í senn, ákvöð og loforð, þ.e. það bindi tilboðsgjafa endanlega við tilboð hans og skuldbindi jafnframt samþykkjanda til að efna það loforð sem í samþykkinu felist.

Eins og fram komi í tölvupósti stefnda, Philippe, frá 16. janúar 2013, þá hafi hann lagt fram bindandi tilboð sem stefnandi hafi samþykkt. Stefnandi hafi lokið þeirri vinnu sem samið hafi verið um á fullnægjandi hátt. Hann hafi þar með uppfyllt sinn hluta af samningnum sem kominn hafi verið á milli stefnanda og stefnda, Philippe. Stefndi, Philippe, hafi hins vegar ekki efnt samninginn gagnvart stefnanda og ekki verði séð að hann hyggist gera það.

Eftir að stefnandi hafi lokið vinnu sinni og afhent stefnda, Philippe, aðgang að vefnum hafi engar athugasemdir komið fram af hálfu stefndu. Stefnandi hafi ítrekað reynt að fá að vita hvað vantaði upp á vinnu hans og hvernig hann gæti lagfært það sem betur mætti fara. Hann hafi aldrei fengið nein svör og þar af leiðandi ekki getað bætt úr því sem stefndi, Philippe, hafi talið ábótavant. Af þeim sökum beri stefndu að standa við samningin og greiða stefnanda það sem hann eigi réttilega inni hjá þeim, enda sé ekkert sem bendi til þess að stefnandi hafi ekki lokið vinnu sinni með þeim hætti sem um hafi verið samið.

Vefsíðan cbpmag.com sé nú byrjuð í rekstri. Stefnandi hafi enga aðkomu að rekstrinum og eigi ekki neinn hlut í því félagi sem haldi utan um reksturinn, líkt og honum hafi verið lofað. Stefndi, Philippe, og hugsanlega samstarfsmenn hans, muni hins vegar koma til með að njóta góðs af vinnu stefnanda, t.d. með sölu á auglýsingum.

Í ljósi ágreinings sem upp hafi komið á milli stefnanda og stefnda, Philippe, telji stefnandi að ómögulegt væri að fara fram á efndir samkvæmt aðalefni samningsins. Því fari hann fram á að hann fái greitt fyrir þá vinnu sem hann hafi innt af hendi.

Stefnandi hafi eytt miklum tíma og fjármunum í að fá kröfu sína innheimta og stefna þessu máli fyrir dómstóla. Hann geri því kröfu um að fá greiddan útlagðan kostnað. Hann hafi margsinnis reynt að fá stefndu að samningaborðinu en þeir hafi aldrei sýnt neinn vilja til að ræða málin.

Til frekar stuðnings kröfum stefnanda vísist til meginreglna samninga- og kröfuréttar um efndir innan samninga og að samninga skuli í heiðri hafa (Pacta Sunt Servanda). Stefnandi geri kröfu til dráttarvaxta vegna þess fjártjóns sem hann hafi orðið fyrir. Því til stuðnings vísi hann til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 1. mgr. 6. gr. Stefnandi geri einnig kröfu um að sér verði dæmdur málskostnaður og byggji hann þá kröfu á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr. Um aðild vísist til III. kafla sömu laga, sbr. einkum ákvæði 16. og 17. gr. laga nr. 19/1991. Um varnarþing vísist til 33. gr., 2. mgr. 83. gr. og a. liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga. Stefndi, Philippe, sé með skráð

lögheimili í Danmörku samkvæmt íslenskri þjóðskrá, en samkvæmt upplýsingum sem stefnandi hafi undir höndum þá hafi hann nýverið skráð búsetu sína á Íslandi. Stefnandi hafi ekki tekist að birta stefnda, Philippe, stefnuna á Íslandi. Stefndi, Philippe, hafi lýst því yfir við stefnuvott sem hafi hringt í hann að hann væri búsettur í Danmörku. Stefnandi hafi því aflað upplýsinga frá yfirvöldum í Danmörku um heimilisfang stefnda í þeim tilgangi að birta fyrir honum stefnuna þar. Þá hafi komið í ljós að stefndi, Philippe, sé skráður sem týndur einstaklingur í Danmörku og hafi ekki sést þar síðan 2005. Stefnandi hafi því ekki séð aðra leið færa en að birta honum stefnuna í samræmi við a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

### III

Stefndu byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að stefnda, CBP ehf., hafi aldrei verið ætlað að vera aðili að málinu, þótt gerð hafi verið sammingsdrög þar sem nafn félagsins hafi komið fyrir. Það verkefni sem stefnandi hafi komið að hafi ekki tengst stefnda, CBP ehf., og félagið hafi ekki gengist í neinar skuldbindingar vegna verkefnisins um veftímaritið CBP Magazine. Sammingsdrögin hafi ekki verið undirrituð af stefnanda og hafi því ekkert gildi í málinu.

Í stefnu komi fram að hlutverk og verkefni þau sem stefnandi hafi átt að uppfylla hafi verið eftirfarandi:

1. Hanna sniðmát fyrir vefsíðuna CBP International Magazine. Stefnandi hafi ekki hannað sniðmát fyrir vefsíðuna. Hann hafi útvegað svokallað fyrirfram hannað sniðmát fyrir WordPress vefumsjónarkerfið heiti Theme1925 og hafi verið auðvelt að nálgast víða á netinu án kostnaðar, enda sé stefnandi ekki að endurkrefja um neinn kostnað við að útvega sniðmátið. Vefumsjónarkerfið hafi verið vistað hjá hýsingaraðilanum GoDaddy.com á kostnað stefnda, Philippe, og Halldórs Tryggvasonar. Heimasíðan sé ekki skráð á nafn stefnda, CBP ehf., enda sé það félag ekki aðili að málinu.
2. Færa inn efni í grunnsniðmátið, m.a. fyrir iPhone og önnur rafræn auglýsingasniðmát. Stefnandi hafi ekki komið að neinni vinnu við að færa inn efni á síðuna. Af og frá sé að búið sé að hanna viðmót fyrir iPhone eða stílsetja rafræn auglýsingasniðmát. Þessi verkefni séu enn ókláruð, en líkt og komi fram í tölvupósti frá stefnanda til Birgis Karls Óskarssonar óski stefnandi þess að Birgir sjái um það verkefni.
3. Hanna forrit vegna auglýsingainnskota. Stefnandi hafi aldrei hannað forrit vegna auglýsingainnskota fyrir veftímaritið, eða sýnt fram á þau verklok, hvorki í tímaskýrslum né tölvupóstsamskiptum við aðila málsins.
4. Skilgreina hvaða aðferðum skuli beitt vegna sölu til auglýsenda, s.s. skilmála og fyrirvara. Stefnandi hafi ekki sent neinum eða útvegað skilmála eða fyrirvara vegna sölu til auglýsenda. Hann hafi aldrei lagt fram gögn um hvaða aðferðum skuli beitt vegna sölu til auglýsenda. Þetta verkefni geti því ekki talist uppfyllt að neinu leyti.

5. Koma á laggirnar greiðslukerfi fyrir veftímaritið. Eins og fram komi í tölvupóstsamskiptum milli aðila telji stefnandi þetta ekki vera í sínum verkahring og vísi ábyrgðinni og verkefninu á Birgi Karl.

6. Ákveða verð fyrir auglýsingapláss í veftímaritinu. Stefandi hafi engin gögn sent eða sinnt þessu verkefni að neinu leyti, enda hafi ekkert verið lagt fram því til sönnunar.

7. Ákveða hvaða efni yrði á veftímaritinu. Stefandi hafi hvergi komið að þeirri vinnu né sýnt nokkurn áhuga á að leggja til málanna hvaða efni ætti að birtast á vefsíðunni.

Stefnandi hafi átt að fá greitt fyrir vinnu sína með eftirfarandi:

1. Sæti í stjórn óstofnaðs félags sem ráðgjafi (e. Member of our Board of Committee as a Consultant Advice Counceler). Hér vefjist ensk tunga fyrir stefnanda því honum hafi aldrei verið lofað sæti í stjórn félagsins, heldur hafi verið talað um að hann yrði í svokölluðum ráðgjafarhópi stjórnenda hins óstofnaða félags. Stjórn félags útleggist á ensku sem „Board of Directors“ en ekki „Board of Committee.“

2. 30% hlut í óstofnuðu félagi og sæti í stjórn þess. Eins og fram komi hér að ofan hafi stefndanda aldrei verið lofað sæti í stjórn félagsins, heldur í ráðgjafarhópi stjórnenda. Í byrjun hafi aðilar rætt um að ef stefnandi myndi uppfylla verkefni sín myndi hann fá 30% í óstofnuðu félagi um veftímaritið. Hann hafi hins vegar ekki uppfyllt nein verkefna sinna. Þrátt fyrir það hafi honum verið boðinn hlutur í hinu óstofnaða félagi, en hann hafi hafnað því þar sem hluturinn hafi verið lægri en 30%.

3. Greiðslu fyrir alla þá vinnu sem stefnandi og hönnuður á hans vegum inntu af hendi vegna verkefnisins. Einungis hafi verið samþykkt að útlagður kosnaður yrði endurgreiddur. Það hafi verið samþykkt af stefnda, Philippe, í upphafi verkefnisins, að því tilskyldu að verkefnin yrðu uppfyllt. Stefandi hafi þó aldrei átt að fá greitt fyrir vinnuframlag sitt í öðru formi en með hluturum í óstofnuðu félagi um veftímaritið. Stefandi hafi sjálfur sagt í tölvupósti að hann myndi sinna þessum verkefnum án kostnaðar fyrir veftímaritið eða eins og hann hafi sjálfur orðað það: „I will support all the cost in exchange of the last offer we talked about during our last call. I am willing to bear the risk as I believe in the project“ sem útleggist á íslensku: „ég mun bera allan kostnað í skiptum fyrir síðasta tilboð sem við ræddum um á síðasta símafundi okkar. Ég er reiðubúinn til að bera áhættuna þar sem ég trúir á verkefnið.“

Af þessu sjáist ekki annað en að aldrei hafi verið rætt um að stefnandi fengi greidda þóknun fyrir vinnu sína við veftímaritið, þótt sú vinna hefði uppfyllt þær kröfur sem settar hafi verið skýrt fram í upphafi. Aldrei hafi verið rætt um neitt tímagjald af hálfu stefnanda, enda hefði það aldrei verið samþykkt af hálfu annarra málsaðila. Verkefnið hafi verið samvinnuverkefni, þar sem enginn hafi það aðra þóknun en þá að fá hluti í félagi um reksturinn myndi verkefnið ganga eftir og rekstur hefjast. Það hafi þó ekki tekist. Þótt það hefði tekist og rekstur væri hafinn gæti stefnandi ekki farið fram á hluti í því félagi þar sem hann hafi ekki uppfyllt skyldur sínar, verkefni

eða ábyrgð.

Stefnandi haldi því fram að hann hefði getað lokið verkefninu á fullnægjandi hátt ef stefndi, Philippe, hefði vísað honum á hvaða þáttum væri ólokið. Stefnandi hafi hins vegar vísað frá sér þeim verkþáttum sem hafi verið óklárir, sbr. framlögð tölvupóstsamskipti. Framangreind staðhæfing eigi sér engin rök.

Einnig komi fram í stefnunni að einn af samstarfsmönnum stefnda, Philippe, Nadine Scheel, hafi ekki heldur fengið það sem henni hafi verið lofað varðandi veftímaritið. Það sé ekki skrítið í ljósi þess að ekkert hafi orðið úr rekstri á veftímaritinu og ekkert félag hafi verið eða verði stofnað um rekstur þess í framtíðinni eins og sakir standi. Öllum hafi verið ljóst að lítill sem enginn rekstrargrundvöllur hafi verið fyrir þá vefsíðu sem hafi verið í smíðum og hafi verið byggt á gölluðu sniðmáti frá stefnanda.

Stefnandi haldi því fram að Nadine Scheel hafi að eigin frumkvæði sent stefnanda skriflegan vitnisburð þar sem hún staðfesti að stefnandi hafi unnið þá vinnu sem ætlast hafi verið til af honum. Þetta gangi í berhögg við fjölmarga tölvupósta sem hafi gengið á milli hennar, stefnda, Philippe, og fleiri aðila, þar sem mikil óánægja hennar með verk stefnanda komi fram. Verði ekki annað séð en að skriflegur vitnisburður hennar sé ómakleg tilraun til að koma höggi á hinn stefnda, Philippe, án nokkurrar rökrænnar ástæðu.

Fram komi í stefnu að skuldbindandi loforð hafi myndast þegar báðir aðilar hafi samþykkt tilboðið. Í þessu tilfalli skyldi loforð það sem stefndi, Philippe, gaf verða uppfyllt af hans hálfu við verklok. Þau verklok hafi þó á engan hátt verið í samræmi við það sem stefnandi hafi lofað að uppfylla, sbr. það sem komi fram hér að framan og framlögð tölvupóstsamskipti.

Þá komi fram í stefnu að vefsíðan sé byrjuð í rekstri. Þótt veftímaritið sé „í loftinu“ í dag og efni hafi verið sett inn á vefsíðuna, þá hafi engar tekjur myndast á vefsíðunni og hún því alls ekki byrjuð í þeim rekstri sem stefnandi staðhæfi. Sú sönnunarbyrði hvíli á stefnanda að félagið sé byrjað í rekstri, en ekkert hafi verið lagt fram af hálfu stefnda hvað það varði. Ekki sé útliti fyrir að neinar tekjur hafist af vefsíðunni í þeirri mynd sem hún sé í dag. Reynt hafi verið að afla tekna af vefsíðunni, án árangurs. Það megi einkum rekja til lélegra vinnubragða við stofnun vefsíðunnar þar sem stefnandi hafi slegið ryki í augu aðila tengdu verkefninu. Það vefsníðmát sem stefnandi hafi komið að og mælt með hafi reynst vera stórgallað og ekki í samræmi við eða í stakk búið til að uppfylla þær yfirlýstu þarfir sem nauðsynlegar séu til að rekstur gæti hafist með vefsíðuna.

Um lagarök sé vísað til laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, en ekki hafi verið kominn á samningur á milli stefnda, CBP ehf., og stefnanda, sbr. 5. gr. laganna.

Þá hafa stefndu sett fram í greinargerð sinni svokallaðar mótkröfur á hendur stefnanda. Í fyrsta lagi gerir stefndi, Philippe, þær kröfur að það vinnutap og sú töf sem hlotist hafi af slægum ráðleggingum stefnanda á meðan á verkinu hafi staðið verði bætt eftirfarandi aðilum að verkefninu:

- a. Stefnda, Philippe, 146 tímar í samskipti við stefnanda @ 15 evrur á klukkustund.
- b. Nadine Scheel, 146 tímar í samskipti við stefnanda @ 15 evrur á klukkustund.
- c. Halldór Tryggvason, 70 tímar í samskipti við stefnanda @ 15 evrur á klukkustund.
- d. Birgir Karl Óskarsson, 50 tímar í samskipti við stefnanda @ 15 evrur á klukkustund, auk kostnaðar vegna samskipta við lögmennt stefnanda, samtals 24 tímar @ 15.000 krónur auk virðisaukaskatts.

Samkvæmt framangreindu sé fjárfrafa vegna samskipta við og vinnu vegna mistaka stefnanda að fjárhæð 6.180 evrur, auk kostnaðar Birgis Karls Óskarsson, löggilts endurskoðanda vegna vinnu við ráðgjöf vegna þessa máls og samskipta við lögmennt stefnanda að fjárhæð 451.800 krónur með virðisaukaskatti.

Í öðru lagi sé þess krafist að metið verði til fjár tjón vegna tafa sem orðið hafi á tekjuöflun síðunnar frá mars 2013 til dagsins í dag og að það tjón verði bætt ofangreindum málsaðilum að fullu af hálfu stefnanda, enda ljóst að hæfari vefhönnuður hefði útbúið vefsíðu sem uppfylli yfirlýstar kröfur hins stefnda frá byrjun. Þá sé þess krafist að dómkvaddir matsmennt verði fengnir að málinu á kostnað stefnanda til að meta framangreint tjón.

Þá sé þess í þriðja lagi krafist að stefndu verði bættur eðlilegur málsvarnarkostnaður vegna málareksturs þessa, eða um 250.000 krónur vegna vinnu og undirbúnings.

#### IV

Eftir að þingsókn féll niður af hálfu stefndu lagði stefnandi fram skriflega sókn í málinu, sbr. 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991. Þar kemur fram að stefnanda þyki það skjóta skökku við að stefndu haldi því fram að hinu stefnda félagi hafi aldrei verið ætlað að vera aðili að málinu, þar sem samningsdrög hafi verið send til hans þar sem nafn félagsins komi fyrir í upphafsorðum. Mjög óábyrgt sé af stefnda, Philippe, sem stjórnarformanni félagsins, að senda stefnanda undirritaðan samning fyrir hönd félagsins, en hann ætti að gera sér grein fyrir að hann væri með því að skuldbinda félagið. Einn prókúrhafi félagsins hafi einnig ritað undir samninginn. Að mati stefnanda sé hér um að ræða tilraun af hálfu stefndu til að þess að forða félaginu undan kröfum stefnanda í þessu máli þar sem hugsanlega séu verðmæti í félaginu sem eigendur þess vilji verja.

Samkvæmt lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög og lögum nr. 43/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð og með vísan í hlutafélagaskráningu stefnda, CBP ehf., skuldbindi undirskrift meirihluta stjórnarmanna félagið. Stefndi, Philippe, sitji einn í stjórn félagsins. Einnig komi bersýnilega fram á þriðju síðu í samningnum sem sendur hafi verið stefnanda að stefndi, Philippe, og Halldór Tryggvason skrifi undir fyrir hönd félagsins eða „on behalf of the Company“. Með

vísan til þessa geti stefndu ekki leyst sig undan lögbundinni ábyrgð eingöngu með því að halda því fram að um mistök hafi verið að ræða.

Í greinargerð stefndu segi að stefnandi hafi ekki klárað neitt af þeim verkefnum sem skyldur hans hafi falið í sér. Það sé undarlegt að stefndu skuli halda þessu fram þar sem tölvupóstsamskipti frá janúar 2013 fram til loka apríl 2013 sýni með óyggjandi hætti að mikil samskipti hafi verið á milli aðila og stefndi, Philippe, hafi margsinnis lýst yfir ánægju sinni með vinnu stefnanda.

Eins og gögn málsins beri með sér hafi aldrei verið neinn vafi um það milli aðila að nota ætti hið svokallaða WordPress sniðmát fyrir heimasíðuna. Ef stefndu hefðu viljað fara aðra leið en að nota fyrirfram hönnuð vefsniðmát sem hægt sé að nálgast frítt á netinu hefði það haft í för með sér mikinn kostnað og falið í sér umtalsvert meiri vinnu en vinnuskýrsla stefnanda kveði á um. Vinna stefnanda hafi fyrst og fremst falist í því að láta WordPress sniðmátið líta út og virka eins og stefndi, Philippe, hafi óskað. Hvergi í greinargerð stefndu eða í fylgiskjölum komi fram hverju hafi verið ábótavant við vinnu stefnanda. Þessar ásanir séu því ósannaðar, enda eigi þær ekki við nein rök að styðjast.

Að mati stefnanda séu miklar líkur á því að fyrirætlanir stefndu hafi frá upphafi verið að nýta sér traust hans og trú á verkefninu með það fyrir augum að fá hann til að vinna í þeirra þágu án þess að þurfa að greiða honum nokkuð fyrir, eins og komið hafi á daginn.

Ef farið sé inn á heimasíðuna [cpbmag.com](http://cpbmag.com) ([www.cpbmag.com](http://www.cpbmag.com)) sé ekki annað að sjá en að heimasíðan líti nákvæmlega eins og út og þegar stefnandi hafi skilað henni af sér.

Stefndu haldi því fram í greinargerð sinni að veftímaritið hafi ekki enn skilað þeim tekjum. Stefnandi hafi margoft farið inn á heimasíðuna til að kanna hvort síðan sé virk og í notkun. Á forsíðunni megi sjá að nýir meðlimir hafi skráð sig á síðuna en allir sem skrá sig sem meðlimi séu flokkaðir eftir því hvernig áskrift þeir kaupir sér. Á síðunni megi t.d. sjá að tíu nýir meðlimir hafi keypt sér svokallaðan Diners aðgang sem kosti 650 Bandaríkjadollara á ári. Aðrir áskriftarmöguleikar sem séu í boði á síðunni séu: Business Circle sem kosti 2.000 Bandaríkjadollara á ári; Founders Circle sem kosti 20.000 Bandaríkjadollara á ári og Inner Circle sem kosti 30.000 Bandaríkjadollara á ári. Það sé því ljóst að tekjumöguleikar séu fyrir hendi fyrir eigendur síðunnar. Það eitt og sér séu verðmæti sem stefndu njóti góðs af vegna vinnu stefnanda. Einnig komi fram á heimasíðunni að fésbókarsíða CBP sé með yfir 100 þúsund meðlimi. Það gefi því augaleið að ekki þurfi að fá stóran hluta af þessum hóp til þess að skrá sig í áskrift hjá veftímaritinu til þess að eigendur veftímaritsins fái tekjur í kassann.

Stefnandi mótmæli því ekki að sammingsdrögin sem honum hafi verið send hafi ekkert gildi í þessu máli ein og sér, enda sé stefnandi ekki að fara fram á efndir samkvæmt efni þess. Í augum stefnanda séu þessi undirrituðu sammingsdrög hins vegar viðurkenning af hálfu stefndu um að stefnandi hafi unnið fyrir þá það verk sem hann krefjist að fá greitt fyrir í máli þessu. Það hefði verið einkennilegt af hálfu stefndu að senda honum þessi sammingsdrög ef stefnandi hefði staðið sig jafn illa og þeir haldi nú fram.

Í greinargerð stefndu sé að finna upptalningu á þeim verkliðum sem samið hafi verið um að stefnandi myndi inna af hendi í þágu verkefnisins. Því sé ekki haldið fram í stefnu að stefnandi hafi lokið öllum þeim verkliðum sem upphaflega hafi verið samið um. Hann hafi hins vegar unnið alla þá vinnu sem hann hafi átt möguleika á að vinna þar til komið hafi að þeim tímapunkti þegar stefndu hafi skyndilega skipt um tón í samskiptum sínum við stefnanda, sem hafi gert það að verkum að hann hafi ekki getað lokið þeirri vinnu sem hann hafi verið byrjaður á.

Þá komi fram í greinargerð að stefnandi hafi slegið ryki í augu stefndu og að það vefsniðmát sem hann hafi komið að og mælt með hafi reynst stórgallað og ekki í samræmi við yfirlýstar þarfir stefndu til að geta hafið rekstur. Hvergi í framlögðum gögnum sé að finna upplýsingar um það hvernig stefnandi hafi „slegið ryki í augu stefndu“ og hvar þá galla í kerfinu sem þeir nefni sé að finna. Stefnandi mótmæli þessum ásökunum og telji þessar staðhæfingar stefndu ekki á rökum reistar. Þá njóti þær ekki stuðnings í gögnum málsins.

Hvað hinar svokölluðu „mótkröfur“ í greinargerð verði þá séu þær svo vanreifaðar að stefnandi geti ekki með góðu móti gert sér grein fyrir hvað stefndu séu að fara fram á. Ekki verði betur séð en að stefndu hafi tekið sér umboð fyrir einstaklinga sem ekki séu aðilar að þessu máli og ætli sér að innheimta fjárhæðir fyrir þess einstaklinga. Hvergi í framlögðum gögnum málsins komi fram nein sundurliðun á þessum upphæðum eða tímaskýrslur sem myndu styðja þessar fráleitu kröfur stefndu. Enginn leið sé fyrir stefnanda að verjast þessum kröfum. Þær séu að hans mati verulega vanreifaðar og beri að vísa þeim frá dómi af þeim sökum.

Kröfu stefndu um dómkvadda matsmenn sé einnig mótmælt þar sem beiðnin uppfylli ekki formkröfur IX. kafla laga nr. 91/1991. Þá telji stefnandi ólíklegt að stefndu séu reiðubúnir að bera þann kostnað sem því fylgi.

Kröfu stefndu um málskostnað sé hafnað, enda beri gögnin það með sér að málshöfðun þessi hafi verið stefnanda nauðsynleg til að knýja fram greiðslu fyrir vinnu sína. Stefndu hafi ekki brugðist við innheimtuaðvörunum stefnanda heldur hafnað kröfum stefnanda strax í upphafi innheimtuferilsins.

## V

Stefnandi krefst í máli þessu greiðslu reiknings sem hann hefur gefið út fyrir störf í þágu stefndu vegna vinnu við vef tímarit Circle of Beautiful People eða CBP. Eins og fram hefur komið féll þingsókn af hálfu stefndu niður í þinghaldi 29. apríl sl. Í samræmi við 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 var stefnanda gefinn kostur á að svara vörnum stefndu með skriflegri sókn og málið í kjölfarið dómtekið. Samkvæmt framangreindu ákvæði ber að dæma málið eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn stefnanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefnda.

Það er ágreiningslaust að stefndi, Philippe, hafði samband við stefnanda í upphafi þessa árs og fékk hann til starfa við verkefnið um vef tímaritið CBP

Magazine. Stefndu andmæla því í greinargerð sinni að hið stefnda félag, CBP ehf., hafi átt að vera aðili að samkomulaginu. Aðild stefnda, Philippe, er hins vegar ekki andmælt. Tillaga, sem stefnandi kveðst hafa samþykkt um verkefnið, er undirrituð af stefnda, Philippe, sem kveðst vera forstjóri/stofnandi Circle of Beautiful People International. Í framhaldi sendi stefndi, CBP ehf., „stjórnandasamning“ til stefnanda til undirritunar, en hann hafði þá þegar verið undirritaður af stefnda, Philippe, ásamt Halldóri Tryggvasyni, fyrir hönd félagsins. Stefnandi undirritaði samninginn þó ekki þar sem ákvæði hans voru ekki í samræmi við það sem áður hafði verið samið um. Þrátt fyrir framangreind andmæli í greinargerð hafa stefndu ekki skýrt það með neinum hætti hver viðsemjandi stefnandi var ef það var ekki stefndi, CBP ehf., og hafa ekki lagt fram nein gögn sem varpað gætu ljósi á það. Þykja stefndu því ekki hafa sýnt fram á að hið stefnda félag hafi ekki verið viðsemjandi stefnanda og verða stefndu að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Stefndu fullyrða að stefnandi hafi ekki framkvæmt flesta þá verkþætti sem hann hafi átt að sjá um. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki annað séð en að verkið hafi verið unnið af stefnanda og það sem hann hafi ekki lokið við hafi verið verk sem stefndu hafi ætlað sér eða öðrum starfsmönnum að ljúka. Ekki verður ráðið að þeim tölvupóstsamskiptum sem stefndu hafa lagt fram að stefnandi hafi ekki sinnt starfinu. Þá hefur stefnandi lagt fram tölvupóstsamskipti þar sem stefndi, Philippe, lýsir yfir ánægju með störf hans, auk yfirlýsingar starfsmanns stefndu þar sem fram kemur að hann hafi lokið því sem honum hafi verið unnt af verkefninu. Fullyrðingar stefndu um að stefnandi hafi lagt fram gallað sniðmát eru ekki studdar neinum sönnunargögnum.

Stefndu halda því fram að aldrei hafi staðið til að greiða stefnanda fyrir vinnu sína með öðru en hlut í óstofnuðu félagi. Þetta félag hafi ekki verið stofnað og verði aldrei stofnað. Þá hafi stefnandi kveðist reiðubúinn til að bera allan kostnað í skiptum fyrir tilboð sem þeir hafi rætt um. Í tilboði því sem stefndu sendu stefnanda kemur hins vegar fram að stefnandi og vefhönnuður á hans vegum skuli fá greitt fyrir tíma sína fyrir vef tímaritið þegar fyrstu tekjur berist. Þau ummæli stefnanda sem stefndu vísa til virðast geta átt við um ákvörðun stefnanda um að leggja út fyrir launum vefhönnuðarins og þykja ekki staðfesta fullyrðingu stefndu um að hann hafi ekki átt að þiggja greiðslur.

Stefndu halda því jafnframt fram að sá tími geti ekki verið kominn að þeim beri að greiða stefnanda þar sem engar tekjur hafi myndast af vefsíðunni. Þeir viðurkenna hins vegar að vefsíðan sé komin í notkun. Samkvæmt gögnum málsins er framangreind vefsíða sett upp með þeim hætti að hægt er að kaupa sér áskrift eða aðild að síðunni. Þá eru þar jafnframt seldar auglýsingar. Eins og mál þetta liggur fyrir dómnum ber að dæma það eftir framkomnum kröfum, gögnum og sókn stefnanda með tilliti til þess sem hefur komið fram af hálfu stefndu. Stefndu hafa ekki sýnt fram á það með neinum hætti að þeir hafi ekki haft tekjur af vefsíðunni þrátt fyrir að hún hafi verið í notkun í þó nokkurn tíma.

Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir óhjákvæmilegt annað en að taka kröfu stefnanda til greina eins og hún er fram sett.

Stefndu hafa í greinargerð sinni sett fram svokallaðar mótkröfur á hendur stefnda. Kröfur þessar eru órökstuddar með öllu og engin gögn eru að baki þeim. Verður þeim þegar af þeim sökum vísað frá dómi. Þá er krafa um dómkvaðningu

matsmanna ekki í samræmi við lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst 600.000 krónur.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

### **D Ó M S O R Ð :**

Stefndu, Philippe Baltz Nielsen og CBP ehf., greiði óskipt stefnanda, René Cortin, 17.072,50 evrur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. júní 2013 til greiðsludags.

Mótkröfum stefndu er vísað frá dómi.

Stefndu greiði óskipt stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.